

Getur þetta nokkurn tímann orðið nytjaviður?

Hulda Guðmundsdóttir ræðir við Ágúst Árnason, skógarvörð í Skorradal í 40 ár, 1960 - 2000

Að íslenskum sið byrja ég á að spyrja þig hvaðan þú ert og hvernær þú ert fæddur?

Ég er fæddur í Holtsmúla í Land sveit í Rangárvallasýslu árið 1930 og átti þar heim fram til 1949.

Hvað réð því að bóndasonurinn ákvað að fara í skógræktarnám fyrir 50 árum?

Það var nú trúlega ekki nein til-

viljun. Ég átti eldri bróður sem var áhugasamur um trjárækt og við byrjuðum að sá og rækta birkiplöntur, alveg frá því að ég man eftir mér. Við fengum fræin bæði úr trjágarðinum heima í Holtsmúla og svo var farið öðru hvoru til skógar, eins og það var kallað, og þar söfnuðum við fræi og vorum svo að dunda við að sá þessu. Þá voru skógarleifar uppi á Landi og þangað var farið til að ná í hrís til eldiviðar, auk þess sem það var notað til að fullpurka skánina. En "skán" var sauðatað sem búið var að stinga út úr fjárhúsum. Fyrst var skánin klofin og þurrkuð úti á túni og staflað svo upp í hrauka, og þá var ævinlega stungið birki inn á milli til að lofta betur í gegn.

Þegar ég fór svo á Skógaskóla var kennari minn, Jón Jósep Jóhannesson, feikilega mikill áhugamaður um skógrækt, og hann talaði oft um mikilvægi hennar við okkur krakkana. Svo kynntist ég strák sem hafði verið í Noregi og hann fékk vinnu hjá Skógræktinni og ég sá að það gæti verið framtíð í slíkri vinnu. Seinna fékk ég svo styrk frá Norræna félaginu til Svíþjóðarfarar og var í lýðháskóla þar. Þegar honum lauk, sótti ég um að komast að í gróðrarstöð og

komst svo í framhaldi af því í verklegt skógræktarnám í Vesterås í Svíþjóð árið 1952.

Þetta hefur þú þá leitt svona hvað af öðru?

Það má segja það, en ég hafði áhuga á þessu og í verkega náminu, sem stóð í eitt sumar, fann ég að þetta átti vel við mig. Svo kom ég til Íslands um haustið 1952 og fór þá strax að athuga möguleika á að komast í vinnu til Skógræktar ríkisins, en þar voru þá engin laus störf. Þá gerðist ég ráðsmaður á Nýjabæ á Seltjarnarnesi. Þar hugsaði ég um kýr og hænsni fyrir Jón Guðmundsson endurskoðanda sem átti búið, en bróðir hans var Hákon Guðmundsson, sem síðar var formaður Skógræktarfélag Íslands í mörg ár.

Varla hefur þú þá hugsað þér að hugsa um kýr og hænsni upp frá því?

Nei, enda hélt ég áfram að reyna að komast til Skógræktarinnar og það tókst strax vorið 1953. Það kom þannig til að Jón húsbóndi minn vissi hvert hugur minn stefndi og hann þekkti Einar Sæmundsen, sem þá var skógarvörður á Suðvesturlandi og Jón ráðlagði mér að tala við hann. Einar hafði þá verið skógarvörður á Vöglum en var nýlega kominn suður. Það varð svo úr að ég komst í vinnu á Tumastöðum í Fljótshlíð. Þar hélt ég áfram í verklegu námi og síðan um haustið fór ég í skóla



Ágúst Árnason í Skímarjórri 17. sept. 2000. Mynd: Hulda Guðmundsdóttir.

Skógræktar ríkisins, sem þá var rekinn í Reykjavík.

Var þessi skóli starfræktur lengi?

Nei, hann var starfræktur í tvö tímabil og við vorum bara sex sem útskrifuðumst úr honum. Fyrst útskrifuðust, eftir 3ja ára nám, þeir Vilhjálmur Sigtryggsson, sem var hjá Skógræktarfélagi Reykjavíkur, Brynjar Skarphéðinsson sem var hjá Skógræktinni og Indriði Indriðason sem var lengi á Tumastöðum. Þeir fengu síðan allir styrk til að fara til Alasku eftir námið. Seinni námshópurinn var í tvö ár og í honum voru, auk mín, þeir Guðmundur Pálsson frá Hjálmsstöðum í Laugardal, sem varð síðar bóndi á Húsafelli, og Kristinn Skæringsson sem var hjá Landgræðslusjóði, Skógræktarfélagi Reykjavíkur og síðar skógarvörður hjá Skógrækt ríkisins á Suðvesturlandi.

Er það rétt að þið nemendurnir hafið þurft að borga kennurunum launin?

Nokkrir starfsmenn Skógræktar ríkisins kenndu okkur án aukaþóknunar, en öðrum þurftum við að borga sjálfir. Þetta þætti nú kannski ekki gott í dag, en um annað var ekki að ræða. Námið var hugsað fyrir verðandi verkstjóra hjá Skógrækt ríkisins, en það var nú sjálfsagt alltaf í sigtinu sá möguleiki að við gætum orðið skógarverðir. Sú varð líka reyndin. Af hópnum urðu Indriði, Kristinn og ég skógarverðir.

Varla hefur þú getað tekið námslán til að sjá fyrir þér?

Nei, um það var nú ekki að ræða. Ég vann sumurin 1953 til 1955 fyrir Skógrækt ríkisins á Tumastöðum og svo einnig á Hallormsstað 1956 og fram á mitt sumar 1957. Ég var svo tíma og



Horft að Hvammi í Skorradal yfir vatnið.

tíma í Fossvogsstöðinni, m.a. við jólatréssölu hjá Landgræðslusjóði.

Hvað voru margir skógarverðir á landinu á þessum tíma?


Þeir voru átta: Einar Sæmundsen í Reykjavík, Daniel Kristjánsson á Vesturlandi, Sigurður Jónsson í Varmahlíð, Ísleifur Sumarliðason á Vöglum, Ármann Dalmanntson á Akureyri, Erlingur Jóhannsson í Ásbyrgi, Guttormur Pálsson á Hallormsstað og Garðar Jónsson á Tumastöðum. Þeir Ármann og Erlingur voru í hálfum stöðum.

En hvað kom til að þú fórst til Ameríku 1957?

Ég var búinn að nefna það við Hákon Bjarnason, skógræktarstjóra, að ég vildi læra svoltið meira í skógrækt. Hann tók því vel og gat útvegað mér Rótarystyrk til eins árs framhaldsnáms við Humbolt State College í Kaliforníu. Þetta er á þeim slóðum þar sem risarauðviðirnir vaxa, en þeir mynda hávöxnustu skóga heimsins, svo að þetta var ómetanleg lífsreynsla fyrir ungann skógræktarmann frá Íslandi.

Fórstu svo strax heim til Íslands að loknu þessu námi?

Nei. Ég var þarna til vors og þá hafði ég mikinn áhuga á að fræðast meira áður en ég færi heim. Eftir mikið basl komst ég inn sem starfsmaður skógarþjónustunnar í



Alaskaaspir á Stálpastöðum. Ágúst safnaði græðlingunum, sem þar eru vaxnar, í Alaskaferðinni 1958.



*Bill hlaðinn trjábolum úr grisjuninni í sitkagreniteignum frá 1961.
Mynd: Ágúst Ámason.*

Kaliforníu (US Forest Service), við stofnunina Forest Genetics Laboratory í Placerville, en það var ein elsta trjákyrbótastöð Bandaríkjanna. Þarna vann ég bæði í græðireit og svo var ég í hinum og þessum verkefnum. Sér í lagi var spennandi að vinna að víxlfrjóvgun og reyna að framkalla ný afbrigði. Þetta var allt

unnið með handfrjóvgunum og mest var unnið með furur. Ég var þarna á fögnum stað uppi í hlíðum Sierra Nevada fjallanna.

Er það rétt að þú hafir aðallega verið í því að klifra í trjám?

Nú, fyrst vann ég sem skrifari og teiknaði upp svæðin sem verið var að vinna á. Svo gerðist það að



Stöð Skógræktar ríkisins í Hvammi í Skorradal. Stóra húsið teiknaði Gunnar Hansson arkitekt og gaf Skógrækt ríkisins teikninguna í minningu tengdabóður síns, Valtýs Stefánssonar, sem í rúma tvo áratugi var formaður Skógræktarfélags Íslands. Mynd Ágúst Ámason.

strákur, sem var klifrari, meiddi sig og þá varð ég að taka við. Ég held að ég hafi aldrei verið jafn lofthræddur! Þetta hafa verið svona 30-40 m há tré og það varð að margklifra þau. Fyrst var látinn plastpoki yfir kvenblómin og svo varð að fylgjast með hvenær þau væru orðin hæfilega þroskuð. Þá var frjóduftinu sprautað yfir þau og svo varð að fylgjast með því og skrá hve mörg blóm höfðu frjóvgast og enn þurfti að klifra til að taka pokana af. Þetta var fróðlegur og skemmtilegur tími, en sem betur fer vann ég ekki við þetta nema í takmarkaðan tíma.

En þú stefndir að því að fara upp til Alaska?

Jú, ég hafði alltaf mikinn áhuga á því að komast upp til Alaska, eins og félagar mínir sem farið höfðu þangað áður, þeir Indriði, Vilhjálmur og Brynjar. Fyrir milligöngu Hákonar Bjarnasonar komst ég í vinnu hjá fyrirtæki sem var aðal fræutvegunaraðilinn fyrir Skandinavíu. Framkvæmdastjóra þess hafði ég hitt hér á Íslandi áður en ég fór vestur og kannaðist því við hann. En þetta var ekki einfalt mál. Dvalarleyfi mitt var útrunnið og þegar í ljós kom að ég ætlaði ekki áfram í skóla, heldur til vinnu, þá var tekið af mér landvistarleyfið. Ég þurfti að fara þá leið að biðja námsráðgjafa skólans að skrifa upp á það að þessi Alaskaferð mín væri óskaplega mikilvæg fyrir sérnám mitt og sem betur fer gerði hann það því að annars hefði ég orðið að hverfa frá öllu saman.

Í byrjun þurfti ég að vinna við könglasöfnun í Washingtonríki og það var ágætis reynsla fyrir mig. Við sem unnum að þessu sváfum bara á jörðinni, tjaldlaus í svefnpokum. Í þessu var ég nokkra daga. Dvölin í Alaska var allt í senn ákaflega fróðleg, ævintýrarík

en líka mjög erfið. Ég kom t.a.m. úr 40 stiga hita og frostið fór fljótlega í 40 gráður. Þetta var árið 1958 og ég safnaði geysimiklu af fræi. Ég var alltaf í sambandi við Hákon og samhliða þessu tók ég sýni og stiklinga, t.d. af brúna víðinum sem ég sendi heim.

Margir þekkja einmitt þessa víðitegund undir heitinu Gústa-víðir, en þú sendir líka fleiri tegundir?

Jú, en það hefur lítið verið notað. Ég sendi m.a. stiklinga af Sviðjuvíði, einni hávöxnaustu víðitegund í Alaska. Sá víðir hefur ekkert verið ræktaður hér, en á Stálpastöðum við Svartaklett eru mjög stæðileg tré af honum og þau hafa staðið sig vel. En enginn virðist hafa fengið áhuga á honum.

Þú hafðir all gott kaup í þessum fræbissness, var það ekki?

Jú, en áhættan sem ég setti mig í var sú að ég fékk bara farniða og ekkert fast kaup. Var bara með pantanir af vissst mörgum pokum af könglum frá mismunandi stöðum og mér var bara borgað eftir akkorði, miðað við það magn sem ég gat útvegað. Ég þurfti að skila skýrslu á nokkurra daga fresti og var líka í sambandi við marga könglakaupmenn. Ég hafði enga vissu fyrir því að það væri góð könglauppskera og ef hún brást þá hafði ég ekkert til að lifa af. Tók samt áhættuna. Sums staðar gekk vel og á köflum fékk ég mjög góð laun. Ég gat t.d. keypt mér fyrir ágóðann lítið notaðan Chevrolet sem ég kom með heim – og það var fyrsti bíllinn sem ég eignaðist. Til samanburðar voru mánaðarlaunin, sem ég fékk hjá Skógrækt ríkisins, þegar heim kom, þannig að úti var ég tvo og hálfan dag að vinna fyrir þeim í akkorðinu þegar best gekk.

Hvenær komstu svo til baka frá Ameríku og hvað tók við?

Það var um mánaðamótin nóvember/desember árið 1958. Meðan ég var í Kaliforníu var Hákon búinn að að skrifa mér um að hann ætlaði mér starf í Skorradalnum. Fyrsta sumarið þar vorum við Daniel Kristjánsson samstarfsmenn. Auk þess vann ég við Norðtungustöðina og við girðingar, m.a. í Þorskafirði, vestur á Fellsströnd og víðar. Það var svo vorið eftir að starfssvæðum okkar Daniels var skipt, þannig að ég átti að beina kröftunum að Skorradalnum. Á Stálpastöðum var byrjað að grisja og gróðursetja vorið 1952. Hvammur var tekinn á leigu 1957 og um sama leyti var Selskógurinn keyptur, svo að þarna voru mörg verkefni.

Hvernig var aðstaðan í Hvammi?

Fyrst þegar Hákon fór með mér til að sýna mér Dalinn var margt öðruvísi en nú er. Uppbyggður vegur náði þá bara rétt inn fyrir hlið á Stálpastöðum og þar fyrir innan tóku við ógreiðfærir vegaslóðar. Stærstu barrplönturnar voru að komast í hnéhæð. Þarna kom sér vel minn ágæti Chevrolet en hann var lengi vel eina flutningatækið sem ég hafði. Ég hafði hvorki dráttarvél né hjólbörur. Þurfti ég því að nota Chevann til að flytja allt mögulegt, s.s. plöntur, girðingarefni, sement og steypumöl. Hvammur hafði staðið í eyði um tíma og húsið ólæst. Miðstöðin og klósettið voru frostsprungin, af því ekki hafði verið hirt um að tappa af eða frostverja. Þetta var ekki kræsilegt, þó að húsið væri að mörgu leyti skemmtilegt, en eldhúsaðstaðan var leiðinleg og erfið. Hún var í kjallaranum og hann var tæpast manngengur. Það þurfti að beygja sig og lúta höfði til að ganga þar um. Smá múrblanda og gólfúkur var yfir moldargólf, en þetta lak allt og flæddi í rigningum. Svo var mikill músagangur.



Norskir skógræktarstúdentar ganga gegnum sitkagreniskóg ofan til í Stálpastaðahlíðinni. Mynd: S.Bl. 1992.

Fyrstu nóttina sem ég var hér var farið að skyggja þegar ég kom upp eftir. Ég fór inn í húsið með minn



Sitkagreni á Stálpastöðum, sem vaxið er upp af græðlingum, en ekki fræi. Mynd: S.Bl. 1992.



Stærsti sitkagreniteigurinn á Stálpastöðum var gróðursettur 1961. Kvæmið Cordova, Alaska. Tímni úr fyrstu grísjun í þessum teig var flett í þiljur Salanins í Kópavogi. Norsk kona, héraðsskógameistari í Bodö, virðir hann fyrir sér. Mynd: S.Bi. 1994.



Elsti sitkagreniteigurinn á Stálpastöðum, gróðursettur 1952. Kvæmið er Point Pakenham innst í Prins Vilhjálmsslóa. Hákon Bjarnson safnaði fræinu 1945. Mynd: S.Bi. 1994.

svefnpoka og lagði hann í rúm sem ég sofnaði í og svaf ágætlega. Þegar ég vaknaði í birtunni var lík það fyrsta sem ég sá á gólfinu, af mús. Mér brá ekkert sérstaklega við, því að ég var vanur því frá því að liggja á jörðinni í Alaska, að þegar maður var að bylta sér á næturnar og lagðist á bakið að þá upphófust músaskrækirnir og maður þurfti að lyfta sér til að hleypa þeim undan!

Varla hefur þú getað boðið nokkurri konu upp á að koma með þér í þessar aðstæður?

Jú, konan mín, Svava Halldórsdóttir frá Drangsnesi, stóð í ströngu með mér alla mína starfstíð í Hvammi. Við bjuggum í þessu gamla húsi lengi vel, reyndar bara á sumrin, og hún sá um að matbúa fyrir starfsmenn og fjölda gesta í þessu erfiða eldhúsi í átta ár, eða þar til byggt var við húsið og eldunaraðstaðan var flutt upp á hæðina. Á sama tíma eignuðumst við þrjú börn og það var ekkert þvottahús, en kalt vatn leitt inn sem þurfti svo að hita á eldavélinni í alla þvotta. Rafmagn kom ekki fyrr en 1973, en ég fékk gamla 1,5 kW díselrafstöð, sem búið var að kasta, frá Vöglum og hún rétt nægði til lýsingar. Við höfðum kolamiðstöðvarketil til að hita upp húsið og kolaeldavél til eldunar, en auk þess gashellur. Við fórum hins vegar ekki að búa allt árið í Hvammi fyrr en 1977 og þá í nýju og ágætu húsi. Börnin okkar urðu fjögur og við eigum níu barnabörn.

Hvert var markmiðið með skógræktinni á þessum árum?

Í upphafi var einfaldlega gróðursett í það land sem fékkst og þá þær plöntur sem til voru – annað var ekki í boði. Það vissi enginn nákvæmlega fyrir hvað myndi spjara sig hér svo að þetta var meira og minna tilraunavinna. Við

sáum hvað hafði spjarað sig á Hallormsstað og það var aðal viðmiðið. Á Stálpastöðum hafði verið gróðursett talsvert af íslensku blágreni af fræi að austan og einnig af siberiulerki, allt frá 1952. Þetta var allt mjög vöxtulegt þegar hretið fræga gerði 1963. Síðan hefur siberiulerkið ekki verið fallett og 90% af blágreninu dó. Það sem lifði af því stóð sig hins vegar vel.

Við erum búin að gróðursetja hér mörg kvæmi af stafafuru. Ég býst við að ef við hefðum ekki hitt á Skagway furuna þá værum við hætt að rækta stafafuru hér.

Þetta sýnir bara hvað það er endalaus vinna að leita að kvæmum sem vel henta og það er algjör nauðsyn að halda slíkum tilraunum áfram.

Nú er búið að gróðursetja um 30 tegundir frá um 70 stöðum á jörðinni á Stálpastöðum, aðallega barrtré og háfjallategundir. Hér erum við því komin með finan háskóla fyrir íslenska skógrækt! Við eigum hér um 300 kortlagða reiti og það er mikill akkur í því að til er nákvæm skráning um þá, bæði hvað mikið hafi verið tekið út af jólatrjám og ýmsar mælingar. Slík skrá segir heilmikla sögu þó svo reitirnir deyi út á einhverjum tíma. Enn veit ég ekki nema um tvo reiti þar sem allt hefur drepist, en þar var einkum þöll. Við verðum hins vegar að gera okkur grein fyrir því að við höfum verið á hlýviðriskeiði frá 1930 og því er útkoman kannski jafn góð og raunin er í dag.

Segðu mér aðeins frá afdrifum Gústavíðisins.

Þegar ég sendi hann heim lenti hann í Fossvoginum. Þar var hann í beði í nokkur ár. Svo vildu menn losna við hann og til þess að honum yrði ekki hent þá tók ég hann hingað upp eftir. Ég setti hann undir Svartaklettinn og í 1963 hretinu sá ekkert á honum. Upphaflegu

stiklingarnir eru nú allir dauðir því að hann verður ekki mjög gamall, en hann vex hratt eins og menn vita í dag. Fljótlega fór ég að selja svolítið af víðinum og fékk þá á Tumastöðum til að rækta hann. Nú er þetta sú planta sem hvað mest er notuð í skjólbelti. Ég tel að það sé ágætt, en það þarf að klippa hann grimmt svo hann fari ekki í órækt. Það vantar kannski svolítið upp á að því sé sinnt og svo þarf að taka með í reikninginn að lífúminn er ekki langur.

Hvaða viðhorfi mættir þú fyrst þegar þú komst til starfa?

Mér var tekið mjög vel - með samúðarbrosi, svona eins og „aumingja maðurinn“! Á þessum tíma varð maður að tala varlega. Ég varð t.d. var við að margir héldu að maður væri skepnuhatari og væri illa við bændur. Það verður að hafa í huga að margir höfðu aldrei séð almennilegt tré, svo að það var varla von að menn gætu haft trú á einhverju sem þeir þekktu ekkert og úti á landi þekktist ekkert annað en hefðbundinn búskapur á þessum árum. Það var því ekki nema von að mönnum þætti sér ógnað þegar svona algjörlega ný atvinnugrein skaut upp kollinum. Ég fékk afskaplega oft eina spurningu og hún heyrir jafnvel enn: „Heldurðu að þetta geti nokkurn tímann orðið nytjaviður?“

Enn ber það líka við að menn halda að toppurinn í íslenskri skógrækt sé að rækta girðingarstaura!

En heldur þú að íslenskur skógur geti nokkurn tímann orðið nytjaviður?

Þá langar mig t.d. að benda á íslenskt sitkagreni í Salnum í Kópavogi. Þar er það notað sem hljóðskermur. Það var BYKO sem styrkti grisjun á Stálpastöðum og í Haukadal í það verkefni. Eftir því



Úr Skorradal, í forgrunni land í skróða á Stálpastöðum. Í baksýn land í tötrum í Haga. Mynd: S.Bl. 1992.

sem ég best veit eru þetta fyrstu alvöru notin af sitkagreni hér á landi. Af þessu tilefni dettur mér t.d. í hug að stinga upp á því að sitkagreni verði notað í hljóðskerma í hin umtöluð menningarhús á landsbyggðinni.

Það sem er sérstakt við þessa trjátegund er að það er erfðara að vinna hana en ýmsar aðrar grenitegundir. Það þarf beitt verkfæri, en víðurinn er bæði mjúkur og léttur. Lengi vel var sitkagrenið ekki hátt skrifað í Ameríku. Það voru í raun og veru styrjaldirnar sem gáfu því tækifæri. Það var farið að framleiða herflugvélar úr því af því það kom í ljós að sitkagrenið gaf sterkasta viðinn í hlutfalli við þyngdina. Þessi not breyttu þannig mynd sitkagrenis mjög mikið. Hvaða not verða fyrir íslenskan skóg í framtíðinni er erfitt um að spá, en ég efast ekki um að þau munu verða margvísleg.

Finnst þér ekki vanta upp á að við förum að hugsa fyrir markaði fyrir skógarafurðir?

Stærsti gallinn er sá að skógar-teigar eru svo dreifðir. Allur timb-

uriðnaður byggist á stórum einingum og ef við ætlum að fara að gera eitthvað af alvöru í því þá verðum við að hafa langtum stærri samfellur í skógræktinni, ef fjárhagslegur grundvöllur á að verða til að nýta skóginn. Svo er það að Íjarmagnsskortur stendur allri rannsóknarvinnu fyrir þrifum, en slík vinna er geysilega mikilvæg. En það er líka aðkallandi að hugað sé að grisjun í tíma. Það er ekki nóg að gróðursetja og láta svo skóginn danka. Því að ef grisjuninni er ekki sinnt verður ekkert úr viðnum og við fáum bara tómt rusl og fólk missir trúna á nytjagildi vidarins. En það er afskaplega mikilvægt í uppbyggingu skógræktarinnar að fólk missi ekki trúna á því sem það er að gera. Svo þurfa menntunarmál skógarbænda að vera í lagi, þannig að þetta verði ekki fúsk. Ég hef hins vegar trú á að þau landsverkefni, sem nú eru í gangi í skógrækt, hafi fulla burði til að standa vel að uppbyggingu skógræktar sem alvöru landbúnaðar og ég er því ekkert kvíðinn fyrir framtíð íslenskrar skógræktar.

stiklingarnir eru nú allir dauðir því að hann verður ekki mjög gamall, en hann vex hratt eins og menn vita í dag. Fljótlega fór ég að selja svolítið af víðinum og fékk þá á Tumastöðum til að rækta hann. Nú er þetta sú planta sem hvað mest er notuð í skjólbelti. Ég tel að það sé ágætt, en það þarf að klippa hann grimmt svo hann fari ekki í órækt. Það vantar kannski svolítið upp á að því sé sinnt og svo þarf að taka með í reikninginn að líftíminn er ekki langur.

Hvaða viðhorfi mættir þú fyrst þegar þú komst til starfa?

Mér var tekið mjög vel - með samúðarbrosi, svona eins og „aumingja maðurinn“! Á þessum tíma varð maður að tala varlega. Ég varð t.d. var við að margir héldu að maður væri skepnuhatari og væri illa við bændur. Það verður að hafa í huga að margir höfðu aldrei séð almennilegt tré, svo að það var varla von að menn gætu haft trú á einhverju sem þeir þekktu ekkert og úti á landi þekktist ekkert annað en hefðbundinn búskapur á þessum árum. Það var því ekki nema von að mönnum þætti sér ógnað þegar svona algjörlega ný atvinnugrein skaut upp kollinum. Ég fékk afskaplega oft eina spurningu og hún heyrir jafnvel enn: „Heldurðu að þetta geti nokkurn tímann orðið nytjaviður?“

Enn ber það líka við að menn halda að toppurinn í íslensku skógrækt sé að rækta girðingarstaura!

En heldur þú að íslenskur skógarur geti nokkurn tímann orðið nytjaviður?

Þá langar mig t.d. að benda á íslenskt sitkagreni í Salnum í Kópavogi. Þar er það notað sem hljóðskermur. Það var BYKO sem styrkti grisjun á Stálpastöðum og í Haukadal í það verkefni. Eftir því



Úr Skorradal, í forgrunni land í skróða á Stálpastöðum. Í baksýn land í tötum í Haga. Mynd: S.Bl. 1992.

sem ég best veit eru þetta fyrstu alvöru notin af sitkagreni hér á landi. Af þessu tilefni dettur mér t.d. í hug að stinga upp á því að sitkagreni verði notað í hljóðskerma í hin umtöluð menningarhús á landsbyggðinni.

Það sem er sérstakt við þessa trjátegund er að það er erfiðara að vinna hana en ýmsar aðrar grenitegundir. Það þarf beitt verkfæri, en viðurinn er bæði mjúkur og léttur. Lengi vel var sitkagrenið ekki hátt skrifað í Ameríku. Það voru í raun og veru styrjaldimar sem gáfu því tækifæri. Það var farið að framleiða herflugvélar úr því af því það kom í ljós að sitkagrenið gaf sterkasta viðinn í hlutfalli við þyngdina. Þessi not breyttu þannig ímynd sitkagrenis mjög mikið. Hvaða not verða fyrir íslenskan skóg í framtíðinni er erfitt um að spá, en ég efast ekki um að þau munu verða margvísleg.

Finnst þér ekki vanta upp á að við förum að hugsa fyrir markaði fyrir skógarafurðir?

Stærst gallinn er sá að skógar-teigar eru svo dreifðir. Allur timb-

uriðnaður byggist á stórum einingum og ef við ætlum að fara að gera eitthvað af alvöru í því þá verðum við að hafa langtum stærri samfellur í skógræktinni, ef fjárhagslegur grundvöllur á að verða til að nýta skóginn. Svo er það að fjármagnsskortur stendur allri rannsóknarvinnu fyrir þrifum, en slík vinna er geysilega mikilvæg. En það er líka aðkallandi að hugað sé að grisjun í tíma. Það er ekki nóg að gróðursetja og láta svo skóginn danka. Því að ef grisjuninni er ekki sinnt verður ekkert úr viðnum og við fáum bara tómt rusl og fólk missir trúna á nytjagildi viðarins. En það er afskaplega mikilvægt í uppbyggingu skógræktarinnar að fólk missi ekki trúna á því sem það er að gera. Svo þurfa menntunarmál skógarbænda að vera í lagi, þannig að þetta verði ekki fúsk. Ég hef hins vegar trú á að þau landsverkefni, sem nú eru í gangi í skógrækt, hafi fulla burði til að standa vel að uppbyggingu skógræktar sem alvöru landbúnaðar og ég er því ekkert kvíðinn fyrir framtíð íslenskrar skógræktar.